



## Svæðisskipulagsnefnd SSA

Mætt; María Markúsdóttir (MÞ), Stefán Bogi Sveinsson (MÞ), Axel Örn Sveinbjörnsson (VF), Eydís Ásbjörnsdóttir (FB), Valur Sveinsson (FB), Gunnþórunn Ingólfssdóttir (FH), Lárus Heiðarsson (FH), Díana Mjöll Sveinsdóttir (FAUST), Einar Már Sigurðarson (SSA), Jóna Árný Þórðardóttir (Austurbrú) og Björn Ingi Knútsson (Austurbrú) sem ritaði fundargerð.

Boðuð forföll; Sara Elísabet Svansdóttir (VF)

Fundur 19. janúar 2021 á TEAMS kl. 11:30-12:17

### Formaður seti fundinn og gengið var til eftirfarandi dagskrár:

- Staða mála hjá Skipulagsstofnun,**  
JÁÞ upplýsti fundarmenn um stöðu mála gagnvart Skipulagsstofnun og greindi frá að erindi hefði verið sent inn 10 janúar sl. Skv. nýjustu upplýsingum þá er erindið í vinnslu hjá þeim og reiknað með svari í byrjun febrúar.
- Fundaáætlun svæðisskipulagsnefndar í 1. áfanga og tengd mál,**  
Farið var yfir fundaráætlun fram til 4. maí sem er síðasta fundardagsetning nefndarinnar fyrir aðalfund SSA sem er dagsettur 21.maí. Fyrir aðalfundinum liggur fyrir að kynnt verða frumdrög svæðisskipulags Austurlands. Lagt var til að fundir nefndarinnar verða færðir yfir á miðvikudaga kl 13:00 og að næsti fundur verði 3. febrúar. Undirbúningsfundir með ALTA verð viku fyrir svæðisskipulagsnefndarfundi. Kanna á hvort sveitastjórar hafi áhuga á að sitja þá fundi.
- Vefsja – staða mála og uppbygging,**  
JÁÞ ræddi um að öll gögn sem nefndin vinnur með verði komið fyrir á ákveðnu vinnslusvæði sem verður aðgengilegur fyrir svæðisskipulagsnefnd SSA. JÁÞ útskýrði Vefsjána, stöðu gagna í henni og hvernig hún mun nýtast við vinnslu svæðisskipulagsins.
- Samningar,**  
JÁÞ útskýrði samningagerðina í 1. áfanga, kynnti samning SSA við Austurbrú og lagði fram til samþykktar samninga Alta og Austurbrúar. Samningar staðfestir og JÁÞ falið að undirrita og ganga frá þeim.
- Önnur mál,**  
JÁÞ spurði nefndarfólk hvort þau hafi fengið beiðni um undirritun á fyrstu fundargerð. Svo var ekki en nefndarfólk á að fá beiðni bæði í síma og á netfang. Unnið verður í því að koma þessu í framkvæmd og er stefnt að því að fundargerðir verði sendar út samdægurs.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 12:17

## Undirritunarsíða

Axel Örn Sveinbjörnsson

Stefán Bogi Sveinsson

Gunnþórunn Ingólfssdóttir

Lárus Heiðarsson

Eydís Ásbjörnsdóttir

Valur Sveinsson

Díana Mjöll Sveinsdóttir

María Markúsdóttir

Jóna Árný Þórðardóttir